

Kæru félagar,

Vinsamlegast kynnið ykkur vel meðfylgjandi upplýsingar varðandi mótið í ár.

Greiðsla þáttökugjalds

Þjálfarar/liðsstjórar þurfa að ganga frá greiðslu þáttökugjalda með millifærslu inn á reikning, 0338-26-880124, kt. 420787-1469 áður en mót hefst. Þáttökugjaldið eru kr. 3.500 fyrir hvern iðkanda en 500 kr af gjaldinu renna til Barna og Unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL). Greiða þarf fyrir hvert lið, flokk eða félag í einu og setja skýringu með greiðslunni. Hægt er að hafa samband við Fannar í síma 519-7602 eða senda tölvupóst á netfangið fannar@vikingur.is ef óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi greiðslur.

Umferðamál, bílastæði og HOPP

Umferðarstýring verður á svæðinu sem vísar á staði þar sem hægt er að leggja. Mælt er til þess að iðkendur í sama liði reyni eftir fremsta megni að sameinast í bíla og iðkendur sem búa í nærumhverfi noti aðra ferðamáti til að létta á umferð. Sjá meðfylgjandi upplýsingamynd um bílastæðamál en þar má finna ákjósanlega staði til þess að leggja við í grennd við Víkingsheimilið.

Knattspyrnudeild Víkings býður í samstarfi við HOPP uppá 50% afslátt öllum þeim sem nýta sér þann ferðamáta í Víkina. HOPP mun koma fyrir góðum fjölda af hjólum frá sér við Leikskólann Kvistaborg, við Leikskólann Jörfa og við Hitt Húsið í Elliðaárdalnum ef bílstjórar til dæmis skutla þátttakendum og viðhengjum af og finna sér síðan stæði og hoppa aftur til móts við fólkíð sitt.

Fyrirkomulag mótsins

Reikna má með að hvert lið sé u.þ.b. 75 mín á svæðinu við keppni. Leikið er í 5 manna liðum og spilar 7. flokkur fimm 12 mínútna leiki og 8.flokkur spilar fimm 8 mínútna leiki. Sjá meðfylgjandi leikjaplan.

Mótstjórn, dómarrar og þjálfarar verða með aðstöðu inni í Víkingsheimilinu á meðan á mótinu stendur.

Þjálfarar þáttökuliða geta fengið samloku og drykki sér að kostnaðarlausu.

Eftir að lið hefur lokið keppni er verðlaunaafhending og fá iðkendur verðlaunapening, sundpoka, frísídisk, gjafakort í Ísbúð Vesturbæjar og afsláttarkort í Petit ásamt hressingu frá H-Berg.

Verðlaunaafhending er fyrir framan húsið Traðarlandsmegin. Við mælum með því að liðið drífi sig í verðlaunaafhendingu um leið og það hefur spilað sinn síðasta leik til þess að biðröðin verði sem styst.

Aðrar upplýsingar

Meðfylgjandi þessu bréfi má finna eftirfarandi skjöl sem við biðjum ykkur að kynna ykkur vel.

- Leikjaplan fyrir alla flokka
- Mótsreglur
- Upplýsingar um bílastæðamál

Þessar upplýsingar og aðrar hagnýtar upplýsingar meðan á mótinu stendur verða einnig aðgengilegar á heimasíðu Víkings (www.vikingur.is) sem og á Instagram síðu mótsins ([petit_hamingjumot](https://www.instagram.com/petit_hamingjumot)). Ef breytingar verða á leikjaplani eða uppfærslur mun það birtast á heimasíðu Víkings.

Um leið og við óskum ykkur góðs gengis viljum við minna alla að hafa gaman af leiknum og spila þrúðmannlega.

Knattspyrnudeild Víkings